




Reykjavík, 7. júlí 2026
USK26030065

Dugguvogur 52 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2026 var lögð fram fyrirspurn Pumping iron, dags. 4. mars 2026, ásamt greinargerð ALARK arkitekta, dags. 3. mars 2026, um að setja upp stafrænt auglýsingaskilti innan lóðar nr. 52 við Dugguvog á horni Sæbrautar og Súðarvogs og fá undanþágu frá 30 m fjarlægðarákvæði vegna staðsetningar, samkvæmt uppd. ALARK arkitekta, dags. 3. mars 2026. Jafnfram lögð fram umsögn Vegagerðarinnar, dags. 2. júlí 2026. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. júlí 2026.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Mynd tekin af ja.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Dugguvogi 52 borgarhluta 4. Laugardalur og er hluti af Miðsvæði – M19 Knarrarvogur.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því að veita undanþágu frá fjarlægðarákvæði samþykktar um skilti í Reykjavík, þannig að heimilt verði að staðsetja skilti á lóð Dugguvogs 52 í 20 metra fjarlægð frá stofnbraut í stað 30 metra.

Um er að ræða frístandandi skilti á horni Sæbrautar og Súðarvogs með tveimur stafrænum birtingarflötum, hvor um sig 240 x 270 cm (6,48 m²). Hvor flötur snýr að sitthvorri akstursstefnu á Sæbraut og er þannig aldrei meira en ein sýnileg hlið fyrir hvern vegfaranda hverju sinni. Eldra auglýsingaskilti hefur verið endurnýjað og sett upp stafrænt auglýsingaskilti í stað þess, en hið eldra hefur staðið á sama stað um langt árabíl innan lóðar Dugguvogs 52. Fjarlægð skiltis frá miðlínu Sæbrautar er um 20 m.

Í kafla 3.5 í samþykkt um skilti í Reykjavík um öryggi og viðhald segir m.a:

-Skilti mega ekki vera þannig útfærð að þau líkist vegvísunum og öðrum umferðarmerkjum á nokkurn hátt, eða þannig staðsett að þau hindri sýn vegfarenda t.d. við gangbrautir og innkeyrslur.



- Ef um upplýst skilti er að ræða mega skiltin ekki yfirgnæfa umferðarljós á svæðinu eða skyggja á þau á neinn hátt
- Skilti mega ekki valda árekstrarhættu eða hindra umferð vegfarenda á neinn hátt.
- Skilti eða stoðir þess mega aldrei vera nær göngustíg en 1m

Skiltið er innan 20 metra frá brún akbrautar. Í kafla 3.6 í samþykkt um skilti í Reykjavík um auglýsingaskilti með hreyfimyndum segir m.a.:

Leyfilegt er að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti sem eru stærri en 10m² ef að fyrir sé sambærilegt skilti s.s. fléttiskilti, eða ef deiliskipulag heimili slík skilti. Slík skilti mega þó ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísunum og öðrum umferðarbúnaði en 20m.

Skiltið á lóð Dugguvogs 52 er staðsett innan veghelgunarsvæðis Sæbrautar og gatnamót við Súðavog og er veghelgunarsvæði í samþykkt um skilti í Reykjavík skilgreint sem:

Veghelgunarsvæði er það land meðfram vegum, þar sem skylt er að fá leyfi vegagerðarinnar fyrir hverskyns mannvirkjum og er ýmist 60m breitt (30+30) ef um stofnvegi er að ræða, eða 30m breitt (15+15) ef um aðra vegi er að ræða. Veghelgunarsvæði á einungis við þegar um þjóðvegi er að ræða.

Í vegalögum 80/2007 segir m.a. í 32. grein um fjarlægð mannvirkja frá vegi. Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi veghaldara við vegamót vega skv. 1. mgr. á svæði sem takmarkast af beinum línunum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Veghaldari getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn frá Vegagerðinni þann 26. maí 2026. Í umsögn Vegagerðarinnar þann 02.07.2026 segir meðal annars:

Sæbraut er stofnvegur í umsjá Vegagerðarinnar og því er veghald 30m frá miðlínu vegarins. Sæbraut er 2+2 vegur með 60 km/klst hámarkshraða. Mikill umferðarpungi er á Sæbraut með um 39.000 bíla við gatnamótin á sólarhring. Einnig er mikil umferð gangandi og hjólandi yfir Sæbraut við gatnamótin. Það er því mikilvægt, með tilliti til umferðaröryggis, að ekki sé dregið úr athygli ökumanna á þessum stað. *Vegagerðin leggst gegn því að veitt verði heimild fyrir undanþágu frá 32. grein vegalaga.*

Niðurstaða

- Neikvæð umsögn skipulagsfulltrúa. Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við að veitt verði heimild til að staðsetja stafrænt skilti og undanþágu á fjarlægðarmörkum skiltis úr 30 m í 20 m frá stofnbraut á horni gatnamóta við Sæbraut og Súðarvog. Fjarlægð frá brún akbrauta samræmist ekki samþykkt um skilti í Reykjavík eða vegalögum.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Harpa Dögg Hjartardóttir

verkefnastjóri